

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands vestra 18. september 2006 í máli nr. S-35/2006:

Ákærvaldið

(Björn Hrafnkelsson fulltrúi)

gegn

Gretu Björg Lárusdóttur

(Steingrímur Þormóðsson hrl.)

I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þessa mánaðar, er höfðað af lögreglustjóranum á Blönduósi 2. febrúar 2006 á hendur Gretu Björgu Lárusdóttur, fæddri 17. apríl 1981, til heimilis að Mýrarbraut 18, Blönduósi; „fyrir líkamsárás, með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí 2005 upp úr kl. 02:00, veist að Oddnýju Svönu Þorláksdóttur, kt. 300579-4699, í félagsheimilinu á Blönduósi, hellt yfir hana vökva úr glasi, og í framhaldi af því rífið í hár hennar með þeim afleiðingum, að Oddný hlaut skallablett á höfði vinstra megin við hvirfil og eymsli í hnakkafestum og út við öxl.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 110. gr. laga nr. 82/1998 og 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar.

Þá krefst Guðrún M. Eysteinsdóttir hdl., f.h. kæranda Oddnýjar Svönu, þess að ákærða verði dæmd til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 574.700 krónur, auk vaxta frá tjónsdegi til greiðsludags.“

II

Málavextir

Um klukkan 02:26 aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí 2005 barst lögreglunni á Blönduósi tilkynning frá neyðarlínunni um líkamsárás sem átt hefði sér stað í félagsheimilinu á Blönduósi. Lögreglumenn fóru á staðinn og hittu þar fyrir Oddnýju Svönu Þorláksdóttur sem kvaðst hafa orðið fyrir líkamsárás. Hún kvað ákærðu hafa ráðist á sig. Farið var með Oddnýju á lögreglustöðina á Blönduósi þar sem tekin var af henni framburðarskýrsla. Við skýrslugjöfina krafðist hún þess að

ákærðu yrði refsað lögum samkvæmt.

Oddný Svana leitaði til læknis á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi síðar þennan sunnudag og ritaði Oddur Steinarsson læknir vottorð um komu hennar. Í vottorði læknisins kemur fram að Oddný Svana hafi greint frá því að hún hefði orðið fyrir líkamsárás milli klukkan tvö og þrjú aðfaranótt sunnudagsins. Hún greindi frá því að henni hefði verið hrint og að rífið hefði verið í hár hennar. Þá kemur fram í vottorðinu að Oddný Svana hafi greint frá því að hún hefði lent í umferðaróhappi sex dögum áður og þar hafi hún fengið áverka á háls og út í vinstri handlegg. Vegna þessa hafi hún verið á verkjalyfjameðferð síðan. Hún kvaðst vera verri af verkjum eftir árásina og lítið geta hreyft höfuðið. Um áverka Oddnýjar Svönu segir svo í vottorðinu: „Við skoðun er hún með skallablett 2x3 cm við megin á hvirfli. Kveðst finna fyrir eymslum við megin í andliti við þreifingu. Einnig segist hún finna töluverð eymsli í hnakkafestum og út við við öxl við þreifingu.“

Hinn 4. október 2005 tilkynnti lögreglustjórinn á Blönduósi Oddnýju Svönu að málið hefði með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála verið fellt niður. Þessi ákvörðun var fyrir hönd Oddnýjar Svönu kærð til ríkissaksóknara 12. október 2005. Hinn 14. nóvember 2005 felldi ríkissaksóknari ákvörðun lögreglustjórans á Blönduósi úr gildi og lagði fyrir hann að taka málið til frekari meðferðar. Í framhaldi af þessari ákvörðun var málið rannsakað frekar, meðal annars með því að teknar voru fleiri skýrslu af sjónarvottum.

III

Framburður fyrir dómi

Ákærða kvaðst á umræddri skemmtun hafa hellt bjór yfir Oddnýju Svönu. Í framhaldi af því hafi Oddný Svana ráðist á hana og að á milli þeirra hafi orðið einhverjar stimpingar en ýmsir aðilar hafi stíað þeim í sundur. Ákærða kvaðst eingöngu hafa verið að verja sig. Aðspurð hvort hún hefði rífið í hár Oddnýjar Svönu svaraði ákærða þannig: „Það urðu bara stimpingar, ekki við bara tókumst á það var ekkert frekar hár heldur en eitthvað [annað], ég ætla ekki að segja til um það hvort heldur það var.“ Ákærða kvað ástæðu þess að hún hellti bjór yfir Oddnýju Svönu vera þá að hún hafi verið reið út í hana. Ákærða sagði að þær hefðu ekki átt nein orðaskipti áður en hún hellti bjórnum yfir Oddnýju Svönu. Ákærða greindi frá því að margt fólk hefði verið á skemmtuninni og hún sagðist muna eftir því að systir hennar hafi verið nærri þegar átökin áttu sér stað ásamt nokkrum öðrum sem hún taldi að væru vitni í málinu.

Vitnið Oddný Svana Þorláksdóttir kvaðst hafa verið á skemmtun þetta kvöld. Hún hafi setið við borð vinstra megin í salnum. Hún kvaðst allt í einu hafa orðið vör við að vökva var hellt yfir hana. Hún hafi séð að ákærða stóð hjá henni og hafði hellt yfir hana bjór. Hún kvaðst hafa staðið á fætur og spurt ákærðu hvers vegna hún hefði gert þetta og hún hafi þá svarað því til að hún hefði engan rétt á að vera þarna því hún hefði gert henni svo margt. Vitnið kvaðst hafa svarað því til að hún hefði fullan rétt á að vera þar sem hún vildi og sagðist hafa beðið ákærðu vinsamlegast um að fara á brott. Ákærða hafi staðið kyrr og þá hafi hún ýtt við ákærðu og sagt henni að fara. Ákærða hafi þá ýtt við henni með þeim afleiðingum að hún féll við og í framhaldi af því hafi ákærða rífið í hár hennar. Vitnið kvaðst ekki vita hvort ákærða sleppti takinu á hári hennar eða hvort einhver sem þarna var losaði það, þó

taldi hún að vitnið Guðmundur Stefán Grétarsson hafi losað tak ákærðu. Vitnið sagði að mikið af hári hafi losnað af höfði hennar við þetta. Eftir að búið var að losa tak ákærðu á hári hennar hafi ákærða ráðist aftur að henni og rífið í hana. Vitnið bar að eftir átökin hafi hún fengið skallablett á höfuðið þar sem mikið hafi losnað. Þessi blettur sé nú horfinn. Þá bar vitnið að hún hefði lent í bílslysi nokkrum dögum fyrir árásina. Í því slysi hafi hún tagnað á hálsi og skaddast svólítið á öxl og baki. Hún kvaðst hafa farið í tvær aðgerðir vegna áverka á öxlinni og einnig í meðferð vegna eymsla í baki. Vitnið bar að ekki væri tímabært að meta örorku hennar vegna bílslyssins þar sem enn væri verið að púsla henni saman. Hún bar að það yrði gert þegar það væri tímabært. Þá kvaðst hún halda að búið væri að krefja um bætur fyrir hennar hönd vegna þess, en hún hefði ekkert unnið eftir slysið. Að sögn vitnisins jukust verkir hennar í hálsi eftir árásina og af þeim sökum hafi hún fengið meira af verkjalyfjum en áður. Vitnið kvað útilokað að skallabletturinn hefði komið í árekstrinum.

Vitnið Valgerður Soffía Gísladóttir, fyrrverandi mágkona ákærðu, bar að hún hefði séð stimpingar á milli ákærðu og Oddnýjar Svönu en hún hafi setið við borð rétt hjá. Hún kvaðst ekki hafa séð upphaf átakanna en bar að mikið af fólki hafi verið þarna og erfitt að sjá hvað gerðist. Þó kvaðst hún hafa séð ákærðu halda í hárið á Gretu. Vitnið bar að hún hefði verið undir áhrifum áfengis þetta kvöld og þá væri langt um liðið frá því að atvik áttu sér stað og því væri erfitt að lýsa því sem gerðist.

Vitnið Guðrún Soffía Pétursdóttir var á nefndri skemmtun í félagsheimilinu á Blönduósi. Hún kvaðst hafa séð ákærðu hella vökva yfir stúlku. Við það hafi stúlkan staðið á fætur og þær tekist eitthvað á. Vitnið bar að nærstaddir hafi verið fljótir að bregðast við. Þar á meðal hafi verið systir ákærðu, Kristín Ingibjörg, og vitnið sjálf. Vitnið bar að í raun hafi ekki verið um nein slagsmál að ræða heldur hafi verið stimpingar á milli þeirra og þær togað hvor í aðra. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærðu toga í hárið á Oddnýju Svönu. Átökin hafi endað með því að vitnið og systir ákærðu fóru með ákærðu út. Vitnið kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis þetta kvöld.

Vitnið Guðmundur Stefán Grétarsson kvaðst hafa verið skammt frá þeim stað sem átökin hófust. Hann sagðist hafa orðið var við hávaða og læti og þá hafi hann snúið sér við og séð að ákærða var að rífa í hárið á Oddnýju Svönu. Hann kvaðst hafa stokkið til og tekið í höndina á ákærðu og losað hana úr hárinu á Oddnýju Svönu en það hafi gengið frekar erfiðlega, enda hafi tak ákærðu verið fast. Við þetta hafi eitthvað af hári losnað af höfði Oddnýjar Svönu. Þá hafi ákærða farið frá og sagt að hún ætlaði að hætta þessu. Þau hafi þá spjallað eitthvað saman en síðan hafi ákærða ráðist aftur að Oddnýju Svönu og rífið í hárið á henni. Þegar þetta gerðist hafi dyraverðir verið komnir á staðinn og hann hafi ekki skipt sér meira af þessu.

Vitnið Rannveig Lena Gísladóttir, fyrrverandi mágkona ákærðu, kveðst hafa setið við hlið Oddnýjar og verið að tala við hana þegar Greta gengur að henni og hellir yfir hana bjór. Oddný Svana hafi þá staði upp og spurt hana að einhverju, sem vitnið mundi ekki nákvæmlega hvað var, en þá hafi ákærða ráðist á Oddnýju Svönu, þrifið í hana, rífið í hárið á henni og hrint henni. Að sögn vitnisins var fólk þarna hjá sem gekk í að skilja þær í sundur. Vitnið mundi eftir að Guðmundur mágur hennar kom þarna að, Valgerður systir vitnisins svo og Kristín Ingibjörg systir Gretu. Eftir þetta hafi ákærða ráðist aftur að Oddnýju Svönu og þá hafi hún

rifið hár af höfði Oddnýjar Svönu. Í framhaldi af þessu hafi verið farið með Gretu út. Vitnið kvað þetta hafa staðið yfir í stuttan tíma. Vitnið kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis þetta kvöld.

Vitnið Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, systir ákærðu, kvaðst ekki hafa séð hvernig samskipti ákærðu og Oddnýjar Svönu hófust. Hún kvaðst hafa komið að staðnum þar sem þær voru og þá hafi verið mikil þvaga í kringum þær. Hún sagðist hafa séð að ákærða hélt í hár Oddnýjar Svönu. Hún hafi þá ætlað að ganga til þeirra en vitnið Guðmundur hafi ýtt henni burt. Vitnið taldi ástæðu þess vera að Guðmundur hafi haldið að hún ætlaði að hjálpa systur sinni. Vitnið kvaðst hafa fengið ákærðu til að losa takið og í framhaldi af því hafi hún hringt í föður þeirra. Vitnið taldi sennilegt að ef Oddný Svana hafi fengið áverka í þetta sinn hafi það verið vegna þess að vitnin Valgerður og Lena Gísladætur toguðu og teygðu höndina á ákærðu, sem hafi brákast við það. Vitnið kvaðst ekki hafa séð að ákærðu og Oddnýju Svönu hafi lent saman aftur eftir að búíð var að losa tak ákærðu á hári Oddnýjar Svönu.

Vitnið Oddur Steinarsson læknir skoðaði Oddnýju Svönu eftir atvikið. Hann kvaðst hafa skrifað vottorð um áverkana. Að sögn vitnisins greindi Oddný Svana frá því að hún ætti erfitt með að hreyfa höfuðið. Vitnið bar að Oddný Svana hefði sagt frá því að hún hefði lent í umferðarslysi nokkrum dögum áður, en hann kvaðst ekki geta gert greinarmun á því hvort áverkarnir væru eftir umferðarslys eða líkamsárás. Þó bar hann að skallabletturinn á höfði Oddnýjar Svönu væri nýr.

IV

Niðurstaða

Ákærða hefur játað að hafa hellt bjór yfir Oddnýju Svönu eins og greinir í ákæru. Hún heldur því hins vegar fram að Oddný Svana hafi ráðist á hana í framhaldi af þessu. Með framburði ákærðu og vitna er sannað að ákærða var upphafsmaður átakanna með því að hella bjór yfir Oddnýju Svönu. Að framan er rakinn framburður vitna sem komu fyrir dóminn. Af framburði þeirra verður ekki annað ráðið en ákærða hafi rifið í hár Oddnýjar Svönu eins og greinir í ákæru. Þegar horft er til framburðar vitnanna, einkum framburðar Odds Steinarssonar læknis, þykir hafið yfir allan vafa að skallablettur sá sem myndaðist á höfði Oddnýjar Svönu hafi orðið til við það að ákærða reif í hár hennar. Með hliðsjón af þessu telst sannað að ákærða hafi gerst sek um brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrir liggur að Oddný Svana lenti í umferðarslysi nokkrum dögum fyrir árásina. Fram kom í framburði hennar að hún hefði hlotið áverka á hálsi og skaddast svólítið á öxl og í baki. Að teknu tilliti til þessa framburðar Oddnýjar Svönu telst ósannað að árás ákærðu hafi leitt til eymsla í hnakkafestum og út við öxl eins og greinir í ákæru.

Ákærða hefur ekki áður sætt refsingu. Þegar horft er til þess að árás ákærðu verður ekki talin hættuleg og ólíklegt að alvarlegar afleiðingar yrðu af háttsemi hennar þykir rétt að fresta ákvörðun refsingar skilorðsbundið í tvö ár, enda haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Oddný Svana Þorláksdóttir hefur gert kröfu um skaðabætur úr hendi ákærðu að fjárhæð 574.700 krónur. Krafan er reist á a- og b-liðum 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Gerð er krafa um miskabætur að fjárhæð 500.000 krónur og krafa um lögmanskostnað að fjárhæð 74.700 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Árás ákærðu olli brotþola líkamlegu tjóni sem var til þess fallið að valda andlegum þjáningum, og er ákærða því bótaskyld samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Miskabætur þykja með hliðsjón af áverka kæranda hæfilega ákveðnar 100.000 krónur. Krafan ber vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. júlí 2005 til 10. apríl 2006 en þann dag var liðinn mánuður frá því að málið var þingfest, en ekki verður séð að ákærðu hafi verið kynnt bótakrafa meðan málið var til rannsóknar hjá lögreglu. Frá 10. apríl 2006 til greiðsludags skal krafan bera vexti samkvæmt 9. gr. nefndra laga nr. 38/2001. Þá ber að dæma ákærðu til að greiða lögmanskostnað og er sú krafa brotþola að fjárhæð 74.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti tekin til greina að fullu.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin 124.500 króna málsvarnarlaun Steingríms Þormóðssonar hæstaréttarlögmanns. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts og þess tíma sem fór í ferðalag verjanda vegna málsins. Samkvæmt yfirliti sækjanda var sakarkostnaður við rannsókn málsins 7.000 krónur og nemur sakarkostnaður því samtals 131.500 krónum.

Halldór Halldórsson dómstjóri kveður upp dóm þennan. Dómsuppsaga hefur dregist vegna orlofs og anna dómans.

DÓMSORÐ

Ákvörðun refsingar ákærðu, Gretu Bjargar Lárusdóttur, er frestað í tvö ár, enda haldi hún almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða greiði 131.500 krónur í sakarkostnað, þar með talin 124.500 króna málsvarnarlaun Steingríms Þormóðssonar hæstaréttarlögmanns. Málsvarnarlaun innifela virðisaukaskatt.

Ákærða greiði Oddnýju Svönu Þorláksdóttur 174.700 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. júlí 2005 til 10. apríl 2006 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Halldór Halldórsson

